

Mánudaginn 14. október 1996.
 Nr. 11/1996. **Dómarafélag Íslands**
 (Gestur Jónsson hrl.)
 gegn
fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs
 (Jón G. Tómasson hrl.)

Föst yfirvinna. Orlof. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu þingfestri 15. ágúst 1996. Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi þann 25. september sl.

Stefnandi máls þessa er Dómarafélag Íslands, kt. 460985-0729, Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík. Stefndi er Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6459.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að héraðs- og hæstaréttardómarar, sem taka laun skv. ákvörðunum Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og 8. september 1995, eigi frá 1. desember 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinna sem þeir fá greidda skv. ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda og við ákvörðun hans verði tekið tillit til kostnaðar af virðisaukaskatti af lögmannspjónustu.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi. Til vara er þess krafist að málskostnaður verði látinn niður falla.

Með úrskurði 26. ágúst sl. viku dómaramir Auður Þorbergsdóttir forseti Félagsdóms og Ingibjörg Benediktsdóttir sæti í máli þessu vegna tengsla við sakarefnið. Jafnframt var dómaramum Gylfa Knudsen gert að víkja sæti af sömu ástæðu. Varamenn þeirra Auðar og Gylfa viku einnig sæti úr réttinum með sérstökum úrskurði uppkveðnum sama dag og af sömu ástæðu. Með bréfi Hæstaréttar Íslands 4. september 1996 var Stefán M. Stefánsson, prófessor, skipaður forseti Félagsdóms við meðferð máls þessa. Jafnframt var Jóhann H. Níelsson, hrl., skipaður til setu í dóminum við meðferð máls þessa. Varamaður Ingibjargar Benediktsdóttur, Guðný Björnsdóttir, hdl., skipar sæti hennar við meðferð málsins.

II.

Málavextir eru helstir þeir að með ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 var kveðið svo á að dómara skyldu fá auknar fastar yfirvinnu- og álagsgreiðslur vegna aukins vinnuframlags dómara sem Kjaradómur taldi sýnt að hefði leitt af breytingum á dómstóla-skipaninni þann 1. júlí 1992. Skyldi yfirvinnan koma til viðbótar föstum mánaðarlaunum dómendanna. Nánar segir svo í ákvörðuninni:

„Með hliðsjón af þeim ákvæðum laga sem Kjaradómi ber að fara eftir og með tilliti til sérstakra kjara, svo sem lífeyrisréttinda, telur Kjaradómur ekki efni til þess að hækka laun hæstaréttardómara vegna dagvinnu. Ekki eru heldur efni til að hækka dagvinnulaun héraðsdómara eins og á stendur. Kjaradómi ber hins vegar að taka afstöðu til þess hvort vinnutími hæstaréttardómara og héraðsdómara hafi breyst þannig að meta beri það sérstaklega. Kjaradómur telur skylt í ljósi þess sem rakið er hér að framan að meta og ákvarða greiðslu fyrir lengri vinnutíma en unninn var, þegar grundvöllur að heildarlaunum hæstaréttardómara og héraðsdómara var síðast lagður. . .

Það aukna vinnuframlag hæstaréttardómara og héraðsdómara sem af framangreindu leiðir ber Kjaradómi að ákvarða. Fyrir það ber að greiða dómurum sérstaklega til viðbótar föstum launum. Þykir rétt að sú greiðsla jafnist á alla mánuði ársins.

Með vísan til alls þess, sem hér að framan er rakið, svo og til ákvæða laga nr. 120/1992 að öðru leyti, hefur Kjaradómur ákveðið að dómara skuli til viðbótar föstum launum njóta sérstakra launa fyrir alla yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma frá 1. desember 1993 sem hér segir. . .

Um orlof dómara skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur er greinir í aðalsamningi BHMR og ríkisins. . .“

Fljótlega varð ágreiningur milli aðila um greiðslu orlofslauna á þá yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma sem getið er í ákvörðun Kjaradóms. Stefndi hafnaði alfarið slíkum greiðslum. Við útborgun launa studdist starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins við bréf Kjaradóms frá 18. nóvember 1993, undirritað af Sigurði Snævarr ritara, f.h. Kjaradóms, til skrifstofunnar þar sem sagði meðal annars:

„Vísu til samtals okkar í gær um túlkun okkar á úrskurði Kjaradóms um laun héraðs- og hæstaréttardómara.

Í úrskurði Kjaradóms felst að yfirvinna reiknist frá 1. desember n.k. að telja og greiðist eftir á með útborgun launa í næsta mánuði eða eftir þeim reglum sem gilda um uppgjör yfirvinnu í desember. Samkvæmt úrskurðinum skulu tilteknir eftirvinnutímar greiðast í 12 mánuði á ári hverju og af því leiðir að ekki skuli reikna orlof af þeim greiðslum.“

Loks er rétt að geta bréfs Kjaradóms til skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá 5. maí 1994 sem einnig er undirritað af ritara dómsins. Tilefni þess bréfs var að stefnandi hafði sent stefnda bréf, dags. 16. febrúar 1994, og Kjaradómi afrit þessa bréfs þar sem farið var fram á að stefndi breytti framkvæmd á orlofsgreiðslum til dómara í það horf sem tíðkast hafði fyrir uppkvaðningu úrskurða Kjaradóms 12. nóvember 1993. Í bréfi Kjaradóms frá 5. maí 1994 segir m.a. svo:

„Á fundi sínum þann 20. apríl tók Kjaradómur fyrir framsent bréf Dómarafélags Íslands, dags. 16. febrúar sl., um orlof af yfirvinnu dómara. Kjaradómur sér ekki ástæðu til að fjalla frekar um málið og bendir á bréf sitt frá 18. nóvember sl.“

III.

Málssókn stefnanda er einkum reist á eftirfarandi sjónarmiðum:

Stefnandi telur í fyrsta lagi að launakjör dómara skuli ráðast af þeim ákvörðunum Kjaradóms sem teknar séu með formlegum hætti. Í forsendum Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 komi fram að dómurum séu ákvörðuð sérstök laun til viðbótar föstum launum í formi fastrar mánaðarlegrar yfirvinnu til þess að mæta auknu vinnuálagi sem orðið hafi vegna breytinga á dómstólaskipaninni. Sé ómögulegt að skilja orð Kjaradóms með öðrum hætti en þeim að sem sérstök laun skuli dómendur fá greidda yfirvinnu alla mánuði ársins. Í þessu sambandi er sérstaklega vísað til 1. gr. orlofslaga þar sem segir að skylt sé að greiða orlof til launþega af öllum launum hvort sem þau séu greidd í peningum eða öðrum verðmætum. Stefnandi telur að engu máli skipti þótt sérstöku laununum hafi verið skipt niður á alla mánuði ársins. Þar sé aðeins um fyrirkomulagsatriði að ræða.

Í annan stað telur stefnandi að bréf Kjaradóms frá 18. nóvember 1993 og 5. maí 1994 hafi ekkert gildi. Þær ályktanir sem fram komi í bréfunum hafi ekki verið teknar með formlegum hætti og geti því

ekki falið í sér bindandi ákvarðanir að neinu leyti heldur feli í mesta lagi í sér óbindandi leiðbeiningar.

Pá bendir stefnandi á að fyrir úrskurð Kjaradóms hafi dómarrar fengið fasta yfirvinnu um nokkurt skeið og hafi orlof verið greitt á þessa yfirvinnu í samræmi við lög og kjarasamninga. Ekkert komi fram í forsendum Kjaradóms sem gefi ástæðu til að ætla að til hafi staðið að breyta framkvæmd útreiknings á orlofi á fasta yfirvinnu.

Loks telur stefnandi að orlof af fastri mánaðarlegri yfirvinnu dómara verði að reikna með sama hætti og gert sé gagnvart öðrum opinberum starfsmönnum hjá ríki og sveitarfélögum sem fái greidda fasta yfirvinnu samkvæmt ákvörðun Kjaradóms eða Kjaranefndar. Telur stefnandi sig geta sýnt fram á að það sé ekki gert og því eigi hann að njóta jafnréttis að þessu leyti.

Sýknukrafa stefnda er einkum reist á eftirfarandi:

Hann telur að ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 um greiðslur fyrir yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma til dómara feli aðeins í sér hækkun á föstum mánaðarlaunum þeirra. Laun fyrir þessa vinnu hafi verið ákveðin í heild þar með taldar orlofsgreiðslur á sama hátt og gildir um laun vegna dagvinnu. Til frekari rökstuðnings fyrir þessum sjónarmiðum er vísað til ummæla Kjaradóms í dómi frá 26. júní 1992 þar sem Kjaradómur leggur áherslu á að laun þau sem hann ákveði séu heildarlaun og að ekki skuli aukalega greitt fyrir venjubundin störf þó að vinnutími sé að jafnaði lengri en 40 stundir á viku. Með bráðabirgðalögum frá 3. júlí 1992 hafi verið gerð breyting á þeim lögum og Kjaradómi falið að kveða upp nýja úrskurði á grundvelli breyttra laga. Í kjölfar þess hafi verið kveðinn upp kjaradómur þann 12. júlí 1992. Í framhaldi af þessu bendir stefndi á að skv. 2. gr. 1. nr. 120/1992 um Kjaradóm og Kjaranefnd ákveði Kjaradómur m.a. launakjör dómara en Kjaranefnd starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana. Skv. 6. gr. laganna beri Kjaradómi að ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og við úrlausn mála skuli hann taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Samkvæmt þessu sé heimilt að ákveða yfirvinnu og óreglulegan vinnutíma sem hluta af föstum mánaðarlaunum.

Stefndi bendir á að fyrsti úrskurður Kjaradóms á grundvelli laganna nr. 120/1992 hafi verið kveðinn upp 12. nóvember 1993. Sá úrskurður hafi ekki gert breytingu á launum vegna dagvinnu en hins

vegar bæri að meta sérstaklega til launa aukið vinnuframlag sem einkum stafaði af breytingum á vinnuálagi í kjölfar aðskilnaðarlaganna. Hafi því verið ákvörðuð sérstök greiðsla fyrir lengri vinnutíma en unnin var þegar grundvöllur að heildarlaunum dómara hafi síðast verið lagður.

Í framhaldi af þessu telur stefnandi að hann byggi þá framkvæmd sína að greiða ekki orlof á fyrrgreinda yfirvinnu á bréfum Kjaradóms frá 18. nóvember 1993 og 5. maí 1994. Stefndi telur að bréf þessi feli í sér afstöðu Kjaradóms um ágreiningsefni aðila og bindandi niðurstöðu um það.

Loks kemur fram í máli stefnda að visst ósamræmi sé milli Kjaradóms annars vegar og Kjaranefndar hins vegar um vinnubrögð varðandi ákvörðun um orlof á yfirvinnugreiðslur. Kjaranefnd hafi byggt á því að orlof skyldi reiknast af ákvörðuðum yfirvinnutímafjölda en Kjaradómur hafi hins vegar ákvarðað yfirvinnutíma það rúmt að innan þeirra rúmaðist verðmæti orlofslauna vegna þeirra greiðslna. Með hliðsjón af þessu geti ekki verið um að ræða brot á jafnræðisreglu.

IV.

Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 26. gr. 1. nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal Félagsdómur m.a. dæma í málum sem rísa á milli samningsaðila um önnur atriði en þau sem greind eru í 1.-5. tl. málsgreinarinnar ef aðilar hafa samið um að leggja þau atriði fyrir dóminn enda séu að minnsta kosti þrír af dómendum því meðmæltir.

Í ágústmánuði síðastliðnum sömdu aðilar um að leggja ágreiningsefni það sem í málinu greinir fyrir Félagsdóm. Ennfremur hafa dómendur Félagsdóms ályktað að þeir séu því meðmæltir að dæma um ágreining aðila. Ákvörðun Kjaradóms, sú sem varð tilefni ágreiningsins, felur í sér ígildi kjarasamnings.

Með hliðsjón af framangreindu þykir skilyrðum 6. tl. 1. mgr. 26. gr. fyrrgreindra laga fullnægt. Af því leiðir að Félagsdómur hefur dómsvald í máli þessu.

V.

Bréf Kjaradóms frá 18. nóvember 1993 og 5. maí 1994 eru rituð án þess að þeirra formreglna sem dómurinn starfar eftir hafi verið

gætt. Ályktanir þær sem koma fram í bréfunum fela því einungis í sér óbindandi álit um það hvernig túlka beri ákvörðunina með hliðsjón af ágreiningsefni aðilanna. Efni þessara bréfa koma því ekki til frekari skoðunar við niðurstöðu í máli þessu.

Samkvæmt 1. gr. 1. nr. 30/1987 um orlof skulu allir þeir sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum laganna. Fyrrgreint ákvæði felur í sér meginreglur sem hafa verður í huga við samningu dóms í málinu.

Kjaradómur frá 12. nóvember 1993 komst að þeirri niðurstöðu að greiða bæri hæstaréttardómurum og héraðsdómurum sérstakar launagreiðslur vegna aukinnar yfirvinnu og óreglulegs vinnutíma til viðbótar föstum launum þeirra vegna aukins vinnuálags í kjölfar aðskilnaðarlaganna. Kjaradómur taldi ekki fært að hækka laun fyrir dagvinnu vegna þessa vinnuálags heldur ákvað þess í stað hækkun launa með fyrrgreindum hætti. Í framhaldi af ákvörðun Kjaradóms var síðan ákveðinn tiltekinn vinnutímafjöldi fyrir alla yfirvinnu og aukið álag dómendanna. Auk þess var þar ákveðið hvert skyldi vera tímakaup dómaranna fyrir yfirvinnuna og aukið álag. Þá segir í Kjaradóminum að rétt þyki að greiðslur fyrir þetta skuli jafnast á alla mánuði ársins.

Ljóst er af málflutningi hér fyrir dómi að umræddum yfirvinnu- og álagsgreiðslum verður ekki að öllu leyti jafnað til fastra mánaðarlauna dómendanna. Í ákvörðun Kjaradóms kemur ekkert það fram sem bendir ótvírætt til þess að hann hafi við ákvörðun launa fyrir yfirvinnu og aukið álag tekið sérstakt tillit til orlofs og ákveðið launin (tímafjöldi eða tímagjald) hærri sem því nemur. Skal sérstaklega tekið fram að ákvörðun Kjaradóms um jöfnun yfirvinnugreiðslna á alla mánuði ársins þykir einungis fela í sér fyrirkomulagsatriði við greiðslu launanna. Ákvæði 5. mgr. 7. gr. orlofslaga um að orlofslaun reiknist ekki af orlofslaunum þykja því ekki eiga við í máli þessu.

Við þessar aðstæður er því rétt að leggja meginregluna í 1. gr. orlofslaga til grundvallar dómi í málinu og líta svo á orlof skuli greiða á umræddar yfirvinnu- og álagsgreiðslur sérstaklega.

Niðurstaðan er því sú að stefnukrafan er því tekin til greina að öllu leyti. Jafnframt þykir rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað eins og nánar greinir í dómsorði.

Dóm þennan kváðu upp Stefán M. Stefánsson, formaður, ásamt meðdómendunum Jóhanni H. Níelssyni, hrl., Guðnýju Björnsdóttur, hdl., Guðmundi Skaftasyni, fyrrverandi hæstaréttardómara og Guðmundi Ingva Sigurðssyni, hrl.

D ó m s o r ð :

Viðurkennt er að héraðs- og hæstaréttardómarar sem taka laun skv. ákvörðunum Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og 8. september 1995 eigi frá 1. desember 1993 rétt til orlofs af fastri mánaðarlegri yfirvinnu sem þeir fá greidda skv. ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993.

Stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda, Dómarafélagi Íslands, kr. 600.000 í málskostnað og er virðisaukaskattur innifalinn í þeirri fjárhæð.

S é r a t k v æ ð i Guðmundar Skaftasonar

Ég er sammála dómsorði meirihluta dómara með svofelldri athugasemd.

Í 5. tl. 7. gr. laga um orlof er mælt fyrir um að orlofslaun reiknist ekki af orlofslaunum. Í 2. gr. laganna segir, að lögin rýri ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Þegar hlut á að máli launþegi, sem tekur laun sem fara eftir samningi um greiðslu tímakaups, er reglan um útreikning orlofslauna sú að margfalda þau með viðeigandi orlofslaunahlutfalli. Séu umsamin laun hins vegar mánaðarlaun verður ekki komist hjá að líta svo á, að orlofslaunin séu innifalinn í mánaðarlaunum orlofsársins, enda mun tíðkast að slíkir launþegar séu á föstum mánaðarlaunum orlofstímamann. Í ákvörðunum Kjaradóms segir að tímakaup dómara fyrir yfirvinnu og aukið álag skuli vera 1.0385% af mánaðarlaunum þess sem í hlut á. Með því að grunnur sá sem við er miðað ber í sér orlofslaun þykir eiga að líta svo á að hin afleiddu tímlaun yfirvinnunnar geri það einnig. Fæst þá samræmi milli útreiknings orlofslauna annars vegar hjá fólki sem er á tímakaupi og hins vegar hjá þeim er taka föst mánaðarlaun. Rétt þykir að bera þetta

saman á grundvelli orlofsársins en á því ári öllu er orlofsrétturinn að stofnast. Í máli þessu kemur munurinn fram í því að umrædd aukagreiðsla er einnig greidd á þeim tíma sem starfsmaður er í orlofi eins og um föst laun væri að ræða.

Á dskj. nr. 22 gr. 4.2.1. sem er aðalkjarasamningur BHMR og fjármálaráðherra fyrir tímabilið 1. mars 1985 til 28. febr. 1986 segir svo:

„Starfsmaður skal fá 10.17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum. Við 10 ára starfsaldur eða 40 ára aldur skal hann fá 11.59%. Við 18 ára starfsaldur eða 50 ára aldur skal hann fá 13.04%.“

Á sama dskj. er lagt fram sýnishorn af hliðstæðu ákvæði í nógildandi kjarasamningum aðildarfélaga BHMR, sem er samhljóða.

Hér sýnist samið um sérstakt orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur til viðbótar umsömdu orlofi í tíð eldri laga um orlof nr. 87 1971. Þá reiknast orlof af mánaðarlaunum sem fela í sér orlofslaun. Er því um að ræða víðtækari orlofsrétt en lög 30 1987 kveða á um.

Í ákvörðun Kjaradóms frá 8. sept. 1995 i.f. segir, að um önnur kjaraatriði vísist til úrskurðar Kjaradóms frá 12. júlí 1992 og síðar. Þau kjaraákvæði sem vísað er til koma einnig fram í ákvörðun Kjaradóms frá 12. nóvember 1993 og segir í 7. lið hennar: „Um orlof dómara skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur, er greinir í aðalkjarasamningi BHMR og ríkisins. . .“ Og 8. liður hljóðar svo: „Um önnur launakjör dómara skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppþót, eingreiðslur, ferðakostnað og slysatryggingar.“

Með vísan til þessara ákvarðana og ásamt 2. gr. orlofslaga ber að reikna orlofsfé á yfirvinnugreiðslurnar.

Ég tel málskostnað miklum mun hærra ákveðinn en venja er til í Félagsdómi í málum samkvæmt lögum nr. 94 1986 sem vart yrði hærri en 100-150 þús. kr. miðaða við umfang málsins.